

*Fæðingarorlofið**Bygðastefna félagsmálaráðuneytisins**Breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur**Auknir tekjustofnar sveitarfélaga**Veiting jafnréttisviðurkenninga**Kostnaður vegna þjónustu við fatlaða**Nýtt jafnréttisráð, kærunefnd jafnréttismála**Opnun Jafnréttisstofu*

## Stóraukin samvinna - í þágu fatlaðra

Þann 2. desember sl. undirrituðu Páll Pétursson félagsmálaráðherra og Helgi Hjörvar formaður stjórnar Hússjóðs Öryrkjabandalags Íslands viljayfirlýsingu um formlegt samstarf í húsnaðismálum fatlaðra. Markmiðið með yfirlýsingunni er að mæta þörf fatlaðra fyrir sambýli í samræmi við skýrslu starfshóps sem félagsmálaráðherra skipaði um búsetu fatlaðra. Samvinna aðilanna verður fólgin í því að Hússjóður ÖBÍ lætur í té húsnaði fyrir sambýli sem félagsmálaráðuneytið tekur að sér að reka.

Framundan er flutningur á málaflokki fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga hinn 1. janúar árið 2002. Í viljayfirlýsingunni

kemur fram að Hússjóðurinn gerir engar athugasemdir við að sveitarfélögin taki við rekstri umræddra sambýla.

Einnig kemur fram það markmið að stefnt verði að þörfinni fyrir sambýli verði mætt á næstu fimm árum samkvæmt tillögum biðlistanefndarinnar.

### Nýtt sveitarfélag

Hinn 24. október sl. staðfesti félagsmálaráðuneytið sameiningu Glæsibæjarhrepps, Skriðuhrepps og Öxnadalshrepps. Íbúafjöldi hins nýja sameinaða sveitarfélags mun verða um 380 íbúar. Fyrirhuguð er skoðanakönnun meðal íbúa um nafn hins nýja sveitarfélags samkvæmt tillögu sameiningarnefndar. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega í framhaldinu.

### Breytingar á reglum Jöfnunarsjóðs

Miklar breytingar hafa orðið á samsetningu sveitarfélaga í kjölfar sameininga á undanförunum árum og kalla þær breytingar á endurskoðun á úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Með tilvísun til þessa stendur nú m.a. yfir vinna í ráðuneytinu við endurskoðun á reglum, nr. 619/1994, um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Vonir standa til að finna megi viðunandi lausn á málinu svo úthlutunarreglur sjóðsins muni í framtíðinni ekki standa í vegi fyrir sameiningu sveitarfélaga í kjölfar sameiningar þeirra.



# Byggðastefna félagsmálaráðuneytisins

**Á undanförunum árum hefur félagsmálaráðuneytið markvisst stuðlað að eflingu atvinnulífs á landsbyggðinni með það að markmiði að auka fjölbreytileika þess og þar með treysta grundvöll til búsetu á landinu öllu.**

Ráðuneytið hefur unnið að þessu mikilvæga málefni í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en þar eru aðilar sammála um að „kraftmikið og fjölbreytt atvinnu- og menningarlíf, aðgangur að góðri menntun og velferðarþjónustu ásamt lægri orkukostnaði og góðum samgöngum eru forsendur blómlegs mannlífs í landinu öllu“. Í takt við stefnuyfirlýsinguna stefnir félagsmálaráðuneytið að því að opinberar aðgerðir miði m.a. að því að á landsbyggðinni verði sterkir byggðakjarnar sem bjóði upp á fjölbreytta atvinnu, menntun, velferðarþjónustu og góð búsetuskilyrði.

**Fjölgun starfa á landsbyggðinni**  
Á undanförunum misserum hafa samtals 84 störf skapast eða munu skapast á næstunni á landsbyggðinni að tilstuðlan félagsmálaráðuneytisins. Þar af er um að ræða 64 störf til

frambúðar og 20 tímabundin störf sem hafa skapast þar til viðbótar með ýmsum samningum um móttöku flóttamanna.

Í þessum tölum er ekki tekið tillit til þeirra óbeinu áhrifa sem fjölgun starfa hefur á atvinnulífið að öðru

um eflingu byggðar með aðgerðum sem þessum. Félagsmálaráðuneytið hefur reynt að stuðla að fjölbreytileika atvinnulífs á landsbyggðinni sem er nauðsynleg forsenda fyrir blómlegri byggð á landinu öllu. Í dag eru innt af hendi 623 störf á



Frá Austur - Héraði

leyti. Ljóst er að vegna þeirra margfeldisáhrifa sem þessar aðgerðir hafa í för með sér má reikna með að störfum hafi fjölgað eða muni fjölga mun meira en framangreindar tölur gefa til kynna.

Ljóst er að stuðlað er að markmiðinu

landsbyggðinni á vegum félagsmálaráðuneytisins. Áfram verður unnið að þessu mikilvæga málefni hjá félagsmálaráðuneytinu og kannað á hvaða sviðum hægt verði að skapa fleiri störf á landsbyggðinni.

## Nefnd um félagslegar íbúðir sveitarfélaga

**F**élagsmálaráðherra hefur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga skipað nefnd til að fylgja eftir tillögum um félagsleg húsnæðismál sveitarfélaga sem unnar hafa verið á árinu, samræma aðgerðir og fylgjast með framkvæmd laga nr. 44/1998 um húsnæðismál.

Nefndin skal hafa með höndum eftirtalin verkefni;

\* Að útfæra tillögur nefndar um leigumarkað og leigu húsnæði er varða breytingar á aðstoð hins opinbera vegna félagslegra leiguíbúða.

\* Að gera tillögur um breytt hlutverk og fjármögnun Varasjóðs viðbótarlána.

\* Að hrinda í framkvæmd tillögum sem unnar hafa verið á vegum félagsmálaráðuneytisins um lausn á vanda sveitarfélaga vegna innlausnaríbúða sem ekki er mögulegt að selja.

\* Að kanna nauðsyn þess að endurskoða ákvæði laga um kaupskyldu og forkaupsrétt.

\* Að fjalla um samstarf Varsjóðs viðbótarlána og Íbúðalánasjóðs og leysa úr ágreiningi sem upp kann að koma vegna framkvæmdar laga og reglugerða um Varasjóðinn, sbr. ákvæði X. kafla laga um húsnæðismál.

Jafnframt er nefndinni falið að fylgjast með framkvæmd laga nr. 44/1998 og gera tillögur um

breytingar ef þurfa þykir.

Í nefndinni eru Halldór Halldórsson, bæjarstjóri, Gunnlaugur Júlíusson, deildarstjóri, Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, Hallgrímur Guðmundsson, deildarstjóri, Hermann Sæmundsson, deildarstjóri, og Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri, sem jafnframt er formaður. Óskar Páll Óskarsson, lögfræðingur, mun starfa með nefndinni.

# Niðurstöður starfshóps um húsnæðismál fatlaðra

**Þann 21. apríl 1999 skipaði félagsmálaráðherra starfshóp til að fylgja eftir tillögum í skýrslu nefndar um biðlista eftir þjónustu svæðisskrifstofa málefna fatlaðra. Starfshópurinn skipuðu Sturlaugur Tómasson, formaður, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, Bragi Michaelsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hallgrímur Guðmundsson, fjármálaráðuneytinu, Þór Þórarinnsson, framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu Reykjaness, og Björn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu Reykjavíkur. Starfshópurinn hefur nú skilað frá sér skýrslu og í framhaldi af fengnum niðurstöðum var undirrituð viljayfirlýsing af hálfu félagsmálaráðuneytisins og Hússjóðs Öryrkjabandalags Íslands um að hefja víðtækt samstarf til þess að eyða biðlistum eftir sambýlum fyrir fatlaða. Niðurstöður nefndarinnar eru eftirfarandi:**

Ljóst er að ástandið í húsnæðismálum fatlaðra á landsbyggðinni er gott, um 90% þeirra sem þurfa á búsetu á sambýlum að halda á landsbyggðinni búa nú þegar á sambýlum. Aftur á móti eru um 67% þeirra sem þurfa

búsetu á sambýlum í Reykjavík og á Reykjanesi nú þegar á sambýlum. Til þess að ná sama þjónustustigi og er á landsbyggðinni þarf að fjölga sambýlisplássum um 58 í Reykjavík og 24 á Reykjanesi. Nú stendur yfir áætlunarvinna af hálfu starfshóps félagsmálaráðuneytisins og Hússjóðs Öryrkjabandalags Íslands um að samsvarandi þjónustustigi verði náð í Reykjavík og á Reykjanesi líkt og er á landsbyggðinni í dag. Miðast áætlanagerðin að því að þessu markmiði verði náð á fimm árum. Á þeim tíma sem áætlaður er að ná sama þjónustustigi á landinu öllu er gengið út frá nýliðun um 12-14 einstaklinga á ári. Af þeim hópi er gert ráð fyrir að um 60% þeirra þurfi þjónustu á sambýlum og 40% frekari liðveislu.

Biðlisti eftir sambýlum skiptist þannig að 83 einstaklingar eru á biðlista í Reykjavík, 34 á Reykjanesi og 17 á landsbyggðinni og dreifist sá fjöldi á fjögur svæði. Ef lítið er á hvaða fólk er á biðlistunum og í mestri þörf, þá eru í þyngsta fötlunarflokknum, eldri en 21 árs, þrjú einstaklingar. Sjö einstaklingar eru í fötlunarflokki sex, eldri en 21 árs. Samtals tíu eldri en 21 árs þyrftu því að komast á sambýli í tveimur þyngstu flokkunum. Þar að auki eru 18 einstaklingar í fimmta flokki, eldri en 21 árs.

Í dag búa um 877 einstaklingar á sambýlum, vistheimilum og í sjálfstæðri búsetu með frekari liðveislu og hefur þeim fjölgað um 42 frá því í lok ársins 1997. Íbúum sambýla hefur fjölgað um 55, þeim sem njóta frekari liðveislu um 16 en íbúum vistheimila hefur fækkað um 29. Á biðlistum eftir búsetu eru 209 einstaklingar, 118 í Reykjavík, 57 á Reykjanesi og 34 á landsbyggðinni. Biðlistinn skiptist þannig að rúmlega 60% eða 134 einstaklingar þurfa á þjónustu á sambýlum að halda en tæplega 40% eða 75 einstaklingar frekari liðveislu. Þessi hlutföll eru sambærileg þeim hlutföllum sem nú eru milli sambýla og frekari liðveislu. 17% þeirra sem eru á biðlistum eftir búsetu í Reykjavík njóta skammtíma-vistunar reglulega og 30% á Reykjanesi. Það er rétt að áréttta það að margir þeirra sem skráðir eru á biðlista njóta dagþjónustu eða skammtímaþjónustu.

Í Reykjavík eru í dag 29 án dagþjónustu. Þar af búa á sambýlum 14. Innan skamms verður hægt að bjóða upp á dagþjónustu fyrir alla sem á henni þurfa að halda í Reykjavík. Á Reykjanesi eru 11 án dagþjónustu og þar af búa fjórir á sambýlum. Án þjónustu á þessum svæðum eru 22 einstaklingar.

## Bakverkinn burt!

**Þann 23. október sl. hélt félagsmálaráðherra, Páll Pétursson, blaðamannafund í tilefni af vinnuverndarvikunni sem hófst þann dag og stóð fram til 27. október. Blaðamannafundurinn var haldinn í Ísaga sem var síðastliðið vor veitt viðurkenning Vinnueftirlits ríkisins fyrir gott vinnuverndarstarf á árinu 1999.**

Vinnuverndarvikan er samevrópskt vinnuverndaráttak sem staðið er að í öllum ríkjum Evrópska efnahags-svæðisins. Vinnuverndarstofnun

Evrópu í Bilbaó er stjórnandi verkefnisins og Vinnueftirlitið er framkvæmdaraðili þess hér á Íslandi. Slagorð vikunnar árið 2000 var „bakverkinn burt“, og eins og það gefur til kynna var um að ræða áttak gegn atvinnutengdum álagseinkennum í vöðvum og liðum í baki.

Vinnuverndarvikan 2000 var fyrst og fremst hugsuð sem fræðslu- og upplýsingaáttak fyrir fólk á vinnumarkaði. Markmiðið var að ná inn á alla vinnustaði landsins og að hvetja fólk til að

líta í eigin barm og huga að því hvernig það beitir líkama sínum við vinnu.

Hvern vikudag var sérstök uppákoma og bar þar hæst málþingið Bakverkinn burt! sem haldið var á Grand Hótel.

Af hálfu Vinnuverndarstofnunarinnar í Bilbaó hefur þegar verið ákveðið að vinnuverndarvikan árið 2001 verði helguð vinnuslysum og vörnum gegn þeim.

# Auknir tekjustofnar sveitarfélaga

**Nýverið var samþykkt á Alþingi breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem felur í sér hækkun útsvars í tveimur áföngum um 0,99 prósentustig. Í samræmi við tillögur tekjustofnanefndar mun lækkun fasteignaskatts á landsbyggðinni um samtals 1,1 milljarða króna og lækkun tekjuskatts um 0,33 prósentustig vega upp á móti þessari hækkun útsvars. Miðað við fullnýtingu útsvarsheimilda gæti þessi breyting fært sveitarfélögum um 3,8 milljarða auknar árs-tekjur en halli sveitarfélaga árið 1999 var um 3 milljarðar króna.**

Jafnframt voru gerðar nokkrar breytingar á II. kafla tekjustofnalaganna um fasteignaskatt í þeim tilgangi að gera álagningarreglur skýrari og stuðla þannig að jafnræði þegnanna.

## Tillögur tekjustofnanefndar

Félagsmálaráðherra skipaði í júní á síðasta ári nefnd til þess að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga. Formaður nefndarinnar var Jón Kristjánsson alþingismaður en aðrir í nefndinni voru Arnbjörg Sveinsdóttir alþingismaður, Guðmundur Árni Stefánsson alþingismaður, Eggert Jónsson hagfræðingur, Ingimundur Sigurpálsson bæjarfulltrúi, Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri, Bolli Þór Bollason skrifstofustjóri og Hermann Sæmundsson deildarstjóri. Nefndin hefur nú skilað tillögum sínum til ráðherra og er skýrsla hennar ásamt fylgiskjölum aðgengileg á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins.

## Mat á afkomu sveitarsjóðanna

Nefndin safnaði ítarlegum upplýsingum um fjármál og afkomu sveitarsjóðanna síðan 1990. Meðal niðurstaðna nefndarinnar var eftirfarandi:

\* Frá 1990 til 1999 hafa bókfærðar skatttekjur sveitarsjóðanna aukist að raungildi um 69% meðan rekstrargjöld að meðtöldum fjármagnsgjöldum hafa aukist um 98%.

\* Því hefur hlutfall rekstrargjalda af

skatttekjum aukist úr 78,4% árið 1990 í 92,3% árið 1999.

\* Allan síðasta áratug voru sveitarsjóðirnir reknir með halla. Mestur var hallinn 8,6 milljarðar árið 1994 en árið 1999 var hallinn 2,9 milljarðar.



**Jón Kristjánsson**

Formaður tekjustofnanefndar

Miðað við fjárhagsáætlanagerð ársins 2000 verður um áframhaldandi hallarekstur að ræða.

\* Heildarskuldir sveitarsjóða voru í árslok 1999 51,8 milljarðar og hafa þar með rúmlega tvöfaldast síðan 1990. Peningalegar eignir þeirra hafa einnig aukist en þó ekki í takt


greindri þróun og versnandi fjárhag sveitarfélaga síðasta áratug liggja einkum í samspili eftirfarandi þátta:

- \* Mikilli búseturöskun síðustu ára
- \* Áhrifum ýmissa laga- og reglugerðabreytinga
- \* Skattalagabreytingum
- \* Auknu þjónustustigi

## Tillögur nefnarinnar:

1. Hámarksútsvar verði hækkað um 0,99 prósentustig. Á móti lækki tekjuskattur ríkisins um 0,33 prósentustig, en lágmarksútsvar haldist óbreytt. Miðað við fullnýtingu þessara heimilda gæti þessi breyting fært sveitarfélögum um 3,8 milljarða en halli á rekstri sveitarfélaga árið 1999 var um 3 milljarðar.

2. Álagningarstofn fasteignaskatts verði fasteignamat eins og það er á hverjum stað en ekki endurstofnverð fasteigna. Tillagan leiðir til þess að tekjur sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðis lækka um 1,1 milljarð og því leggur nefndin til að því tekjutapi verði mætt með framlagi ríkis-



Á meðfylgjandi mynd gefur að líta yfirlit yfir þróun í rekstri og fjárfestingum sveitarsjóðanna á árunum 1990 til 1999.

við skuldirnar og því hefur peningaleg staða sveitarsjóðanna versnað um nærri 21 milljarð síðan 1990 eða um liðlega 72 þúsund kr. að meðaltali á íbúa.

Nefndin telur að ástæður fyrir ofan-

sjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Jöfnunin miði að því að sveitarfélög verði jafnsett og fyrir breytingu.

3. Nefnd verði skipuð til að fara yfir undanþágur frá álagningu fasteignaskatts með það að markmiði að þeim verði fækkað svo sem kostur er.

4. Sérstök 700 m.kr. fjárveiting ríkis-sjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í ár og næsta ár. Framlaginu verði í ár varið með líkum hætti og sambærilegt framlag árið 1999.

5. Nefndin bendir á að æskilegt sé að breyta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þannig að stofnkostnaður framhaldsskóla og sjúkrastofnana verði alfarið verkefni ríkisins, auk verkefna Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Enn fremur verði athugað hvort hægt sé að einfalda verkaskiptingu á sviði öldrunarmála.

6. Öll lagafrumvörp og stjórnvaldsákvæðanir sem varða fjárhag sveitarfélaga verði kostnaðarmetin.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar munu tekjur sveitarfélaga aukast um 3,2 milljarða á næsta ári og 3,8 milljarða á árinu 2001 og er þá mið-

að við að þau fullnýti sér heimildir til útsvarsálagningar. Í skýrslu nefndarinnar segir að ekki sé þó ljóst í hve miklum mæli sveitarfélögin munu nýta sér þessar auknu heimildir en að það muni ráðast af ákvörðunum viðkomandi sveitarstjórna.

Bókanir fylgja tillögum nefndarinnar. Annars vegar frá fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga í nefndinni og hins vegar frá Guðmundi Árna Stefánssyni sem skrifar undir tillögurnar með fyrirvara.

#### Frumvarp félagsmálaráðherra

Á grundvelli tillagna nefndarinnar lagði félagsmálaráðherra fram frumvarp til laga á Alþingi sem byggði á tillögum tekjustofnanefndar hvað varðar hækkun á útsvarsprósentu og breytingar á fasteignaskatti sem Al-

þingi hefur nú samþykkt, eins og fram kemur annars staðar í fréttabréfinu. Enn fremur hefur ráðherrann óskað eftir því við Samband íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi ráðuneyti að tilnefndir verði fulltrúar í nefndir sem annars vegar eiga að yfirfara verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að teknu tilliti til tillagna tekjustofnanefndar og hins vegar að taka saman yfirlit yfir undanþágur frá fasteignaskatti og koma með tillögur þar að lútandi. Þá hefur félagsmálaráðherra óskað eftir tilnefningum í starfshópa sem koma eiga með tillögur um hvernig standa skuli að kostnaðarmati þeirra lagafrumvarpa og stjórnvaldsákvæðana sem hafa í för með sér fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin og að gera úttekt á álagningu og innheimtu þjónustugjalda.

## Veiting Jafnréttisviðurkenninga

**Þann 24. október sl. veitti nýtt Jafnréttisráð sína árlegu jafnréttisviðurkenningu.**

að þessu sinni. Allar eiga þær konur sammerkt að hafa greitt götu kvenna á ýmsum sviðum þjóðlífsins og voru fyrirmyndir á sínum tíma og hvöttu



Frá vinstri: Elín R. Líndal formaður Jafnréttisráðs, Svava Jakobsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Helga Kress, Bjarnfríður Leósdóttir, Auður Eir Vilhjálmsdóttir og Páll Pétursson

Á undangengnum árum hafa slíkar viðurkenningar verið veittar og þá til þeirra aðila sem hafa lagt lóð á vogarskálur aukins réttis kvenna og karla í samfélaginu. Viðurkenningar hafa fengið jafnt einstaklingar, fyrirtæki, félag og stofnanir. Í tilefni aldamóta var kallað eftir hugmyndum um einstaklinga sem hefðu verið brautryðjendur í jafnréttismálum undanfarna áratugi. Niðurstaða Jafnréttisráðs var að veita sex brautryðjendum í jafnréttisátt viðurkenningu

til eftirbreytni. Viðurkenningarhafarnir voru:

**Auður Eir Vilhjálmsdóttir**, fyrst íslenskra kvenna vígð til prests, tók þátt í stofnun kvennakirkjunnar 1992.

**Bjarnfríður Leósdóttir**, baráttukona í verkalýðshreyfingunni, hefur stuðlað að bættum hag og réttindum kvenna á vinnumarkaði.

**Helga Kress**, varð fyrst kvenna til að gegna deildarforsetastöðu við Háskóla Íslands.

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir**, var ein af stofnendum Kvænnaframbóðsins í Reykjavík og Kvænnaolistans. Kosin borgarstjóri 1994.

**Svava Jakobsdóttir**, var fyrsti flutningsmaður um Jafnlaunaráð sem voru samþykkt 1973. Er þekktur rit höfundur og hefur innleitt nýja tegund feminískra bókmennta á Íslandi.

**Vigdís Finnbogadóttir**, varð fyrst kvenna til að ná lýðræðislegu kjöri sem forseti lýðveldis. Vigdís er áreiðanlega sú kona íslensk sem hefur hlotið hvað mesta viðurkenningu og virðingu um heim allan fyrir störf sín.

Nýtt Jafnréttisráð hefur tekið til starfa, ráðið skipa:

Elín R. Líndal, formaður,  
Gunnar Páll Pálsson,  
Þórveig Þormóðsdóttir,  
Þórhallur Vilhjálmsson,  
Guðni Elísson,  
Helga V. Rósantsdóttir,  
Þorbjörg Inga Jónsdóttir,  
Sigurður Jóhannesson,  
Sigrún Stefánsdóttir.

Kærunefnd jafnréttismála:

Andri Árnason, hæstaréttarlögmaður, formaður, Ragnheiður Thorlacius, lögfræðingur, Stefán Ólafsson, héraðsdómslögmaður.

# Kostnaður vegna þjónustu við fatlaða

Með frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er gert ráð fyrir því að ábyrgð á þjónustu við fatlaða verði færð frá ríki til sveitarfélaga frá og með 1. janúar 2002. Í tengslum við gerð frumvarpsins skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að meta fjárhagsleg áhrif yfirtöku sveitarfélaga þá þjónustu við fatlaða og gera tillögu um hvernig sveitarfélögum verði bætt þau útgjöld. Nefndina skipuðu Hallgrímur Guðmundsson stjórn-sýslufræðingur, tilnefndur af fjármálaráðuneyti, Karl Björnsson bæjarstjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Sturlaugur Tómasson deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu sem var formaður nefndarinnar. Með nefndinni störfuðu einnig Björn Arnar Magnússon og Hermann Sæmundsson deildarstjórar í félagsmálaráðuneytinu og Sigurður Helgason stjórn-sýsluráðgjafi.

Nefndin hefur lokið störfum og skilað skýrslu sinni til félagsmálaráðherra. Nefndarmenn voru sammála um niðurstöður nefndarinnar. Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga tók þó fram að hinu nýja frumvarpi fylgja óhjákvæmilega óvissuþættir sem ekki er unnt að leggja beint fjárhagslegt mat á.

## Mat á kostnaði

Það er mat nefndarinnar að árlegur kostnaður vegna þjónustu við fatlaða og húsnæðismála verði tæpir 4,1 milljarðar kr. Þetta er hækkun um 565 m.kr. frá núverandi fjárveitingum til málaflöksins. Auk þess eru önnur kostnaðaráhrif frumvarps til

laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, m.a. vegna þjónustu við langveik börn metin á tæpar 300 m.kr. Samtals áætla nefndin að útgjöld sveitarfélaga muni aukast um tæplega 4,4 milljarða króna vegna þessara verkfna. Fjárhæðin svarar til 1,16% af áætluðum álagningarstofni útsvars á árinu 2000.

## Skipting fjármuna á milli sveitarfélaga

Þó mat á heildarkostnaði feli í sér nokkra óvissu er skipting fjármuna milli sveitarfélaga mun vandasamara viðfangsefni. Útgjaldaþörf sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlaða er mjög ólík m.a. vegna þess að skipting þeirra milli sveitarfélaga getur verið tilviljunum háð. Búseta fatlaðra endurspeglar núverandi þjónustumynstur og smæð sveitarfélaga veldur því að hætt er við sveiflum í útgjöldum einstakra smærri sveitarfélaga. Um tilfærslu tekna til sveitarfélaga vegna flutnings málaflöks fatlaðra leggur nefndin til að þrjár leiðir verði einkum skoðaðar:

### 1. Sjóður og útsvarssvigrúm

Þessi leið gerir ráð fyrir því að rúmir 3,4 milljarðar kr. renni í jöfnunarsjóð. Auk þess fái sveitarfélög svigrúm til þess að hækka útsvarshlutfall sitt um allt að 0,26%. Fjármunum úr sjóðnum verði skipt milli sveitarfélaga á grundvelli fjölda mikið og miðlungs fatlaðra einstaklinga.

### 2. Tvískiptur sjóður

Þessi leið felur í sér að allir fjármunir renni í jöfnunarsjóð. Sveitarfélög með 2.000 íbúa eða fleiri fái greitt beint sem svarar 0,26% útsvarshlutfalli og einnig greiðslur á grundvelli fjölda mikið og miðlungs fatlaðra einstaklinga. Sveitarfélög með færri en 2.000 íbúa fái greitt úr sjóðnum á

grundvelli fjölda og þjónustuþarfar allra fatlaðra.

### 3. Sjóður

Þessi leið felst í því að allir fjármunir renni í jöfnunarsjóð. Öll sveitarfélög fái greitt úr sjóðnum á grundvelli fjölda og þjónustuþarfar allra fatlaðra.

## Húsnæðismál

Nefndin leggur til að stofnað verði hlutafélag til að eiga og reka fasteignir í málaflöknum. Sveitarfélög greiði fulla leigu vegna húsnæðis enda tekur kostnaðarmat tillit til slíkra leigugreiðslna. Með stofnun slíks fasteignafélags er stefnt að hagkvæmni og sveigjanleika í byggingu og rekstri fasteigna. Nefndin leggur til að fötluðum verði sjálfum gert kleift að greiða húsnæðiskostnað vegna íbúðarhúsnæðis í þeim mæli sem unnt er. Þannig verði réttur þeirra til húsaleigubóta rýmkaður frá því sem nú er og fötluðum í sjálfstæðri búsetu tryggður sá hlutfallslegi stuðningur sem þeir fá nú í formi niðurgreiðslu á vaxtakostnaði leiguhúsnæðis.

## Aðrar tillögur og ábendingar

Meðal annarra tillagna nefndarinnar má nefna tillögu um að þjónustuþörf fatlaðra verði metin af óháðum aðila þannig að fjárframlög til sveitarfélaga geti verið á grundvelli þarfa fatlaðra fyrir þjónustu. Bent er á mikilvægi þess að smærri sveitarfélög taki sig saman um þjónustu við fatlaða, t.d. með byggðasamlögum. Að lokum má nefna að nefndin gerði sérstaka athugun á möguleikum á að teknar verði upp þjónustuávisanir í málaflöknum og telur rétt að áfram verði hugað að kostum þess.

## Húsaleigubætur - breyttar reglur

Félagsmálaráðherra hefur að tillögu samráðsnefndar um húsnæðismál breytt reglugerð um húsaleigubætur með það að markmiði að koma betur til móts við láglaunafólk og barnafjölskyldur. Í þessu skyni hefur

verið ákveðið að í upphafi næsta árs verði frítekjumarkið, sem verið hefur 1.6 m.kr frá upphafi, hækkað í 2. m.kr. Einnig verður hámark húsaleigubóta hækkað úr 25.000 kr. í 35.000 kr. og efri mörk leigutillits

sem var 45.000 kr. verður hækkað í 50.000 kr. Í janúar á þessu ári voru húsaleigubætur hækkaðar miðað við 6.5% meðhækkun og 10% hækkun til barnafólks.

# Fæðingarorlofið

**Ákvæði um fæðingarorlof tekur gildi um næstkomandi áramót og mun marka tímamót fyrir verðandi foreldra og börn þeirra í framtíðinni. Við gerð löggjafarinnar var samvera fjölskyldunnar höfð sérstaklega í fyrirrúmi og geta foreldrar verið í fæðingarorlofi og/eða foreldraorlofi á sama tíma. Eins og stendur í markmiðsgrein laganna: „Markmið laga þessara er að tryggja barni samvistir bæði við föður og móður. Þá er lögum þessum ætlað að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.“**

Þetta mun marka tímamót fyrir starfsfólk á almennum vinnumarkaði og stórauka réttindi þeirra. Framvegis munu allir hafa sama rétt til fæðingarorlofs, sama hvort þeir



starfa hjá hinu opinbera eða á almennum vinnumarkaði. Foreldrar sem hafa verið samfelld í sex mánuði á vinnumarkaði fyrir upphafsdag fæðingarorlofs eiga rétt á 80% af meðaltali heildarlauna.

## Markviss fjölskyldustefna

Ég hef lagt áherslu á að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf og er þessi löggjöf stór þáttur í þeirri markvissu fjölskyldustefnu sem rekin hefur verið í félagsmálaráðuneytinu að undanfögnu. Fæðingarorlofið tryggir barninu samvistir bæði við föður og móður og gerir ábyrgð þeirra gagnvart barninu jafna. Ég vonast einnig til að þetta muni verða lóð á vogarskálarnar gagnvart því að jafna kynbundinn launamun og jafna enn frekar aðstöðu kynjanna til atvinnuþátttöku. Um leið og ég þakka fyrir einstaklega góðar viðtökur við þessari nýju löggjöf þá hvet ég verðandi foreldra að kynna sér réttindi og skyldur sem í þessu ákvæði felst. Allar upplýsingar er að finna á heimasíðu ráðuneytisins: [www.stjr.is/fel](http://www.stjr.is/fel)

Páll Pétursson  
félagsmálaráðherra

## Félagsmálaráðherra skipaði nú nýverið í úrskurðarnefnd fæðingarorlofsmála.

### Nefndina skipa:

Guðný Björnsdóttir, héraðsdómslögmaður, formaður,  
Jóhanna Jónasdóttir, lækni, og Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytissjóri í félagsmálaráðuneytinu.

# Frumvarp til laga um breytingar á lögum um stéttarfélag og vinnudeilur

Félagsmálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur. Frumvarpið var lagt fram á Alþingi síðastliðið vor en náði þá ekki fram að ganga.

Frumvarpið er einkum lagt fram með hliðsjón af ákvæði 1. tölul. 2. gr. 7. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu sem hefur lagagildi hér á landi, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu. Samkvæmt ákvæðinu skal sérhver sem dómstóll finnur sekan um afbrot eiga rétt á að láta æðri dóm endurskoða sakfellinguna eða refsinguna.

Samkvæmt lögum um stéttarfélag og vinnudeilur varða brot á lögum

um sektum. Dómar Félagsdóms eru endanlegir og verður ekki áfrýjað.

Hinn 7. september 1999 tók Mannréttindadómstóll Evrópu þá ákvörðun að kærúmal Siglfirðings ehf. gegn íslenska ríkinu væri tækt til efnismeðferðar fyrir dómstólum. Mannréttindadómstóllinn lagði jafnframt til að aðilar leituðu sáttu í málinu. Kærufnið í máli þessu laut að því að samkvæmt íslenskum lögum er ekki unnt að áfrýja dómi Félagsdóms frá 10. júní 1996 þar sem Félagsdómur dæmdi kæranda málsins til greiðslu 500 þús. kr. sektar. Leitað varð álitsréttarfarsnefndar og refsiréttarnefndar um málið og var niðurstaða þeirra að vafasamt væri að núverandi skipan, þ.e. að Félagsdómur ákvarði sektir sem lúta ekki meðferð refsiréttarfarsnefndar og refsiréttarnefndar.

mála og ekki er unnt að áfrýja, standist ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu.

Þann 30. maí 2000 samþykkti Mannréttindadómstóll Evrópu að fella niður mál Siglfirðings ehf. fyrir dómstólum á grundvelli sáttar aðila í málinu. Í sáttinni er m.a. vísað til að frumvarp til breytinga á lögum um stéttarfélag og vinnudeilur, sem feli í sér að sektarákvarðanir Félagsdóms verði færðar til Hæstaréttar, hafi verið lagt fram á Alþingi vorið 2000 og verði lagt fram að nýju að hausti. Er því ljóst að frumvarp þetta var ein þeirra forsendna er Mannréttindadómstóllinn byggði á er hann samþykkti framangreinda sátt í máli Siglfirðings ehf. gegn íslenska ríkinu.

# Opnun Jafnréttisstofu

Jafnréttisstofa er ný stofnun og fer með stjórnslu jafnréttismála á Íslandi, sbr. ný jafnréttislög sem samþykkt voru sl. vor. Henni var valinn staður á Akureyri og er hún til húsa að Hvannavöllum 14, 3. hæð. Jafnréttisstofa leysir af hólmi Skrifstofu jafnréttismála, sem staðsett var í Reykjavík, en verkvið nýju stofnunarinnar er þó töluvert breytt (sjá 3. gr. laga nr. 96/200). Kærunefnd jafnréttismála er nú staðsett í félagsmálaráðuneytinu og kærumál aðskilin frá skrifstofunni. Jafnréttisráð hefur einnig fengið breytt hlutverk með nýjum lögum. Jafnréttisstofa var formlega opnuð þann 15. september sl. og sama dag fundaði nýtt Jafnréttisráð á stofunni. Við opnunina var margt góðra gesta og heillaóskir og gjafir streymdu að.

Framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu er Valgerður H. Bjarnadóttir. Hún hefur starfað að jafnréttismálum síðustu tvo áratugi, m.a. að norrænum verkefnum og sem jafnréttisfulltrúi Akureyrarbæjar. Auk hennar hafa þegar verið ráðin til starfa Anna Hallgrímsdóttir, fulltrúi, og þau Kristján Jósteynsson og Katrín Björg Ríkarðsdóttir í sérfræðingastöðum. Ingólfur V. Gíslason sem starfaði áður á Skrif-

stofu jafnréttismála, m.a. fyrir karlanefnd Jafnréttisráðs, mun sinna afmörkuðum verkefnum fyrir stofuna í framhaldi af sínu fyrra starfi. Jafnréttisstofa mun verða komin í fullan

sambættingu. Ný lög um fæðingar- og foreldraorlof styrkja einnig stöðu kynjanna til jafns réttar á vinnumarkaði og til þess að annast börn sín og fjölskyldu. Samkvæmt jafnréttislög-



Valgerður H. Bjarnadóttir, Anna Hallgrímsdóttir, fulltrúi og Katrín Björg Ríkarðsdóttir sérfræðingur

gang upp úr áramótum og þá er gert ráð fyrir að ráða fleira starfsfólk.

Jafnréttismál eru að fá aukinn sess í stjórnslunni og atvinnulífinu hér sem annars staðar um þessar mundir. Það er einnig að verða greinileg þróun í þá átt að karlar láta sig málin varða mun meira en áður. Unnið er markvisst að því að samþætta kynja- og jafnréttisjónarmið öllu starfi og stefnumótun. Í nýjum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem og í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum er rík áhersla lögð á

um skal nú skipa jafnréttisfulltrúa í hverju ráðuneyti og verður það m.a. hlutverk Jafnréttisstofu að samræma starf þeirra. Jafnréttisstofa vinnur nú að því að koma á virku samstarfi við ýmsa aðila um allt land, svo sem aðrar stjórnslustofnanir, háskólana, sveitarfélögin og Samband Íslenskra sveitarfélaga, stéttarfélög, Samtök atvinnulífsins og ýmis fyrirtæki, stofnanir og félagsamtök. Sími Jafnréttisstofu er 460 6200, bréfsími 460 6201 og netfang: [jafnretti@jafnretti.is](mailto:jafnretti@jafnretti.is)

## Vatnsveitur í dreifbýli

Nýverið var samþykkt á Alþingi breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 sem heimilar að veita framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til vatnsveitna á lögbýlum í dreifbýli.

Slíkar vatnsveituframkvæmdir voru áður styrkhæfar á grundvelli jarðræktarlaga nr. 56/1987 sem felld voru úr gildi árið 1998. Við gildistöku reglugerðar nr. 44/1999, í ársbyrjun 1999, um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga bættist við nýtt ákvæði

í a-lið 9. gr. reglugerðarinnar er heimilar úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði vegna vatnsveituframkvæmda í dreifbýli á vegum fámennra sveitarfélaga. Þessi reglugerðarbreyting dugði þó ekki og eftir sem áður var óleystur vandi sá er myndaðist við niðurfellingu jarðræktarlaga. Á því máli er tekið með lagabreytingunni. Gert er ráð fyrir því að fyrirkomulag verði með sama hætti og tíðkast um úthlutun jarðræktarframlaga. Bændasamtök Íslands munu því annast móttöku umsókna og sjá um aðra fram-

kvæmd málsins samkvæmt samningi við ráðuneytið. Verið er að leggja lokahönd í ráðuneytinu á reglugerð sem gilda mun um framlögin.

### Fréttabréf félagsmálaráðuneytisins

11. árg. 2. tbl. desember 2000  
Ábyrgðarmaður: Berglind Ásgeirsdóttir  
Ritstjóri: Birkir J. Jónsson  
Prentvinnsla: Prenttækni  
Útg. félagsmálaráðuneytið,  
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu,  
150 Reykjavík  
Netfang: [birkir.jonsson@fel.stjr.is](mailto:birkir.jonsson@fel.stjr.is)